

# AÐ NÝTA STOLNAR STUNDIR

Margt æxlast öðruvísi hér á landi en annars staðar. Ef ég ætti t.d. að skipta íslenskum listamönnum í tvo hópa samkvæmt gamalgróinni vest-rænni hefð, þ.e. í atvinnumenn og fönðrara, þá er ég hræddur um að ég stæði á gati. Á Íslandi má telja á fingrum sér þá menn sem lifað geta af list sinni — en hins vegar er sú list í mörgum tilfellum þess eðlis, að erlendis mundi hún umsvifalaust falla undir fönður og frístundadútl. En sjálfir „atvinnumennirnir“, okkar virtustu listamenn, þeir eru í raun hinir einu sönnu frístundamenn sem nýta hverja stolna stund frá öðrum störfum eða baráttu við verðbólgu til að vinna að list sinni. Og í framhaldi af því held ég að heimilt sé að spyrja: Er hægt að

## Tvær eða þrjár víddir



En það kom fyrir að ugður læddist að listamanninum — hraðinn og vélvæðingin var kannski ekki ákjósanleg þegar öllu var á botninn hvolt — og hreyfingar fólksins urðu ýktar, krampakenndar. En hvort sem um fólk á ferð eða fjöl-

lega stöðvað eðlilega þróun í myndlist hans. Hvað mig snertir er hann enn í sömu sporum og hann var fyrir 8-9 árum, ef marka má sýningu hans fyrir þrem árum og þá sem nú stendur yfir. Ekki svo að leikninni hafi hrakað, mikil ósköp. Öllu er fyrir komið á striganum af fádæma öryggi og litur er borinn á með glæsibrag. Það hafa líka orðið breytingar

á stíl Einars og nú ber meira á til-tölulega heillegum mannverum í náttúrulegu rými (nr. 4, 11, 14, 21, 24 o.fl. o.fl.), meira að segja nákvæmt raunsæi í einni mynd (Feðgar), sem sýnir glögg hve hin ýmsu stílbrögð leika í höndum listamannsins. En eins og áður er eins og allir íbúar í myndveröld Einars hafi nær engar tilfinningar til að bera og lista-maðurinn hafi engar taugar til þeirra.

seli, sem sýnir heimkynni málarans og fjölskyldu samankomna. En þar er hver einstaklingur einangraður í stífri stöðu, engin tengsl eru látin uppi og Einar lætur sem hann þekki ekki þetta fólk.

Nú má vera að margar þessar myndir eigi að vera táknræns eðlis, svipmyndir af mannlífi án þess að kafað sér djúpt ofan í sálarlíf eins eða neins. Þannig séð má segja að þessar myndir lifni við um stundarsakir. En til þess að listaverk hafi varanlegt gildi, hvort sem það er táknrænt eða raunseitt (eða hvort tveggja — annað eins hefur nú gerst) — þá þarf að vera til staðar nýr skilningur listamanns á mannlegum samskiptum, eða sannfærandi persónulegt viðhorf, og skilningur á því hvernig slíkt viðhorf verði best túlkað í reyndinni.



## Leit að nýju viðhorfi

Hreyfingar eru frosnar og stellingar án þokka. Þetta er kannski mest áberandi í þeim myndum, sem ættu að vera persónulegs eðlis, t.d. Í Voga-

## Stíllæfingar

En nýr skilningur þarfnast umþótt-unartíma, og sá tími hefur verið af skornum skammti hjá Einari eins og svo mörgum sem standa í sömu sporum. Helftin af þeim verkum sem hann nú sýnir, þ.e. þau sem eiga að teljast ný, verða því að kallast stíllæfingar — ef áhorfandinn gefur sér ofangreindar forsendur. En hins vegar eru þessar myndir mikilvægt framlag á sviði þar sem ég hygg að Einar hafi ekki ætlað sér mikla landvinninga í bili, þ.e. í skreytilist eða veggmyndagerð. Mynd eins og Konan í garðinum er hrein perla af því tagi. En þar eru litir líka meðhöndlaðir af nærgætni. En sjálfur þarf Einar líklega að fara að gera upp við sig hvert stefna skuli í myndlistinni.



Konan í garðinum.



Feðgar.

ætlast til eðlilegrar þróunar í myndlist manna sem í fyrsta lagi eru að byggja sér hús og í öðru lagi sinna ábyrgðarmiklum og erilsómum störfum?

## Sem stormsveipur

Þessi spurning er ekki alveg út í loftið, heldur snertir hún náð sýningu Einars Hákonarsonar að Kjarvalsstöðum. Ég held enn fremur að sýningin svari henni neitandi — og er hún reyndar ekki eini vitnisburðurinn um slíka kreppu meðal listamanna hér á norðurhveli.

Ég held að óhætt sé að segja að Einar hafi fyrir röskum áratug komið inn í íslenska myndlist eins og stormsveipur. Hann hleypti nýju lífi í íslenska grafik, bæði sem kennari og grafiker og virtist líklegur til að gera slíkt hið sama fyrir malaralist. Þá höfðu léreftsmenn flestir stundað annað hvort, afstraktið eða landslag, um langt skeið. Einar, m.a. undir áhrifum frá nokkrum figúratífum popplístaönnum (t.a.m. Hockney og Wesselmann), tók til við að finna manninum stað í málverki á ný. Í höndum hans urðu þetta stíliseraðar manneskjur, gjarnan á ferð og flugi og þá stafaði af þeim mikilli bjartsýni og lífsorku.

skyldur var að ræða, þá voru þessar mannverur Einars fyrst og fremst „silhouettur“ eða klippimyndir að formi og þær gátu tekið ótal breytingum frá málverki til málverks. Frá fyrstu tíð var gaman að sjá hve haganlega þeim var komið fyrir á fletinum hverju sinni. Og ekki spillti fyrir hin hreina og klára teikning í útlínunum og smáatriðum. En það var tvennt sem stakk í augun. Annars vegar var það að þetta myndafólk Einars virtist æði oft skorta þriðju víddina í öðrum skilningi en formlegum — þ.e. sálrænt inntak eða skaphöfn, og því var það sem leiksoppar eða statistar í drama þar sem litur og lína léku aðalhlutverk. Og hins vegar urðu litirnir oftsinnis skerandi og glannalegir. En þetta hélt maður að mundi eldast af kornungum málaranum og með aukinni lífsreynslu kæmi skilningur á sálarlífi og meiri leikni í túlkun þess í málverki.

## Leikandi létt

Satt að segja veit ég ekki hvað hefur skeð. En eins og ég ýja að hér í upphafi, þá finnst mér ekki ólíklegt að annir Einars síðustu ár hafi hrein-

**komid og sjáid spennandi keppni úrvals dansara!**

**1. umferð í undanrás sunnudagskvöld**

**Disco**

**EMI**

**Óðal No 1**

**dans 79**

## VERZLUNARHÚSNÆÐI TIL LEIGU

í miðborginni. Tilboð sendist auglýsingadeild Dagblaðsins Þverholti 11 fyrir þriðjudagskvöld merkt „Miðborg verzlun“.

## Basar

Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík heldur sinn árlega basar mánudaginn 5. nóvember kl. 2 í Iðnó uppi.

**Komið og gerið góð kaup**